

Geðhjálp: Mannlega þáttinn vantar í innheimtu

Hannes J. Eðvarðsson, ráðgjafi hjá Geðhjálp, segist oft verða var við að það vanti mannlega þáttinn í innheimtuaðgerðir lánastofnana og fjármögnunarfyrirtækja. „Við sáum það í innheimtuaðgerðum fjármögnunarfyrirtækja áður en Hæstiréttur dæmdi gengistryggð lán ólögleg,“ segir hann.

“Þarna er ekki hugsað um hag einstaklinga heldur lánaþyrirtækja sem eiga orðið afskaplega lítið inni hjá almenningi. Þau eru ekki að sýna á sér mannlegu hliðina. Þetta eru bara krónur og aurar. Viðskiptavild er aftur á móti tilfinningamál og þessi fyrirtæki eru að forgera henni. Þau hagnast ekki á

fyrirsögnum um ómannúðlegar innheimtuaðgerðir dag eftir dag. Það myndi ekki skipta þau nokkru máli ef beðið væri með aðgerðirnar og borin virðing fyrir tilfinningum og einkalífi einstaklinga,“ segir Hannes.

Hannes segir það reyna mjög mikið á sálarlíf fólks standi það frammi fyrir því að missa lífsviðurværi sitt á sama tíma og náinn ástvinur fellur frá. Lánaþyrirtæki þurfi að fara varlega að fólki í slíkum aðstæðum vegna þess að það sé undir miklu tilfinningalegu álagi. Því taki það líklega ákvarðanir sem

séu neikvæðar þegar upp er staðið. „Þetta eru ekki spor sem maður myndi óska óvini sínum, að missa eiginkonu sína og lífsviðurværi á sama tíma. Það er tímabært að lánastofnanir og lögfræðingar hægi á sér og taki meira tillit til mannlega þáttarins. Ef þetta fer í innheimtu verða líklega uppboð og afskriftir hvort eð er. Því verður að sýna biðlund og mannlegheit í stað þess að ganga með hnefann á lofti og innheimta þegar fólk getur á tímabili ekki greitt,“ segir Hannes.

Hannes ráðleggur fólki að fá þriðja aðila til að aðstoða það með sín fjármál verði áföll í fjölskyldunni. Þetta geti verið einhver sem fólk treystir. Hann ráðleggur fólki að taka sér sinn tíma til að fara yfir málið og að það forðist að hlaupa eftir fyrstu tilfinningu.